



154. löggjafarþing 2023-2024.
Þingskjal 53 — 53. mál.

Reykjavík, 13. nóvember 2023

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um miðstöð íslenskrar þjóðtrúar á Ströndum.

Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands fagnar tillögu um stofnun Miðstöðvar íslenskrar þjóðtrúar á Ströndum. Með Miðstöð íslenskrar þjóðtrúar á Ströndum væri hægt að efla þjóðfræðirannsóknir og miðlun á landsvísu. Heimilisfesti þjóðfræðinnar á Ströndum yrði enn eflað en hvergi er hægt að finna fleiri þjóðfræðinga á landinu, í það minnsta miðað við höfðatölu. Á það sér langa sögu og er afraksturinn að finna m.a. í Galdrasýningunni á Ströndum, Þjóðfræðistofu Strandagaldurs sem síðan var að Rannsóknasetri HÍ á Ströndum, og Sauðfjársetri á Ströndum svo dæmi séu nefnd.

Markmið Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands að stuðla að rannsóknum og leiðbeiningu framhaldsnema víða um land og vera um leið vettvangur samstarfsverkefna háskólans við nærumhverfi og nærsamfélag setranna. Með þeim hætti leggja rannsóknasetrin sitt af mörkum við að efla tengsl Háskóla Íslands við atvinnulíf og samfélag. Rannsóknaviðfangsefni setranna eru afar fjölbreytt en á meðal þeirra eru lífríki hafsins, umhverfi og landnýting, hvalir, fiskar og fuglar, ferðamál, bókmenntir, sagnfræði, fornleifafræði, jarðfræði og þjóðfræði. Ellefu rannsóknasetur eru starfrækt um landið.

Rannsóknasetur HÍ á Ströndum var stofnað í september 2016 og er til húsa í Þróunarsetrinu á Hólmavík. Rannsóknasetrið byggir að hluta á grunni Þjóðfræðistofu Strandagaldurs. Rannsóknir í þjóðfræði eru í öndvegi hjá setrinu og sérstök áhersla á miðlun og hagnýtingu þjóðfræðilegrar þekkingar. Margvíslegt samstarf við listafólk, fræðimenn og menningarstofnanir er ofarlega á verkefnalistanum, bæði á Ströndum og á landsvísu. Á síðasta ári störfuðu 3 starfsmenn í tveimur og hálfu stöðugildi við setrið auk þess sem nemendur unnu þar sumarstörf og verkefni. Náð samstarf er við námsbraut í þjóðfræði við Háskóla Íslands. Að auki við aðra innlenda fræðimenn, söfn, stofnanir, félagasamtök og þá á setrið í þónokkru erlendu samstarfi. Lesa má nánar um starfsemi setursins í ársskýrslu Stofnunarinnar fyrir árið 2022: https://www.hi.is/sites/default/files/atli/pdf/skyrslur/arsskyrsla_rshi_2022.pdf

Á sviði þjóðfræði liggja heilmörg tækifæri til rannsókna og því styður Stofnun rannsóknasetra HÍ framlagða tillögu um stofnun Miðstöð íslenskrar þjóðtrúar á Ströndum. Mögulegt væri að fela Rannsóknasetri HÍ á Ströndum umsjón hennar og þannig styrkja enn verkefnið og þá möguleika sem miðstöðin hefði til samstarfs og þróunar verkefna hérlendis sem erlendis.

Á tímum mikilla breytinga í byggða- og atvinnumálum skilar fjárfesting í þekkingar- og rannsóknastarfsemi margvíslegum ábata. Atvinnu- og mannlíf verður fjölbreyttara og möguleikar til að draga að verkefni og styrkjafé aukast. Samfélag eins og Strandir sem skilgreind er sem brothætt byggð býr yfir miklum styrk og á styrkleikum svæða er hægt að sækja fram þar sem nú þegar liggur fyrir þekking, reynsla og árangur hefur náðst á. Þjóðfræðirannsóknir og miðlun er slíkt svið á Ströndum og því hvetur Stofnun rannsóknasetra HÍ Alþingi til að samþykkja þingsályktunartillögu um Miðstöð íslenskrar þjóðtrúar.

Fyrir hönd Stofnunar rannsóknsetra Háskóla Íslands,

Sæunn Stefánsdóttir

Sæunn Stefánsdóttir, forstöðumaður.